

hver félagsmaður ábyrgð á skuldbindingum félagsins með kr. 300.00 auk stofnsjóðsinnstæðu sinnar. Einstakir félagsmenn verða þó eigi krafðir um greiðslu á skuldum félagsins, fyrr en sannað er, að félagið geti ekki greitt skuldina sjálf.

Óvæfengt er, að Olíusamlag Akraness er ógjaldfært með öllu. Er því heimilt samkvæmt framangreindu ákvæði í samþykktum þess að heimta af stefnda þann hluta af skuldum þess, sem hann kann að þessu leyti að vera persónulega ábyrgur fyrir. Ekki er annað leitt í ljós en stefndi hafi staðið félaginu full skil á stofnsjóðsgjaldi sínu. Verður honum því aðeins gert að greiða stefnandi þær kr. 300.00, sem hann ábyrgist, auk stofnsjóðsgjaldsins, enda er því ekki haldið fram, að hann hafi áður innt ábyrgðarfjárhæð þessa af hendi.

Með vísan til ákvæða 5. gr. laga nr. 73 frá 1933 ber að dæma stefnda til að greiða 6% ársvexti af hinn dæmdu fjárhæð. Vexti þessa ber honum að greiða frá stefnudegi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Júlíus Þórðarson, greiði stefnandi, Landssmiðjunni, kr. 300.00 með 6% ársvöxtum frá 24. júní 1946 til greiðsludags innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 25. febrúar 1949.

Nr. 35/1948. **Magnús Thorlacius** (sjálfur)

gegn

Snæbirni Guðmundssyni og gagnsök

(Ragnar Jónsson).

Málflutningsþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. apríl f. á., og krefst hann þess, að aðalstefnda verði dæmt að greiða honum kr. 8407.85 með 6% ársvöxtum frá 21. marz 1946 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. júní f. á., áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 15. s. m. Krefst gagnáfrýjandi þess, að þóknun aðaláfrýjanda verði lækkuð eftir mati Hæstaréttar frá því, sem í héraðsdómi er ákveðið, og sér dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum samkvæmt mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi leitaði til aðaláfrýjanda um aðstoð, er fram fór yfirmat á jörð hans vegna eignarnáms á henni. Á aðaláfrýjandi því rétt til hæfilegrar þóknunar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir starf sitt, og hnekkir það ekki þessu, þótt ákvörðun yfirmatsmanna um málskostnað kunni að binda gagnáfrýjanda með sama hætti og önnur ákvæði yfirmatsgerðar. Þegar annars vegar er litið til þess starfs, er aðaláfrýjandi innti af hendi í þágu gagnáfrýjanda, og hins vegar hagsmuna þeirra, sem yfirmatið fjallaði um, þykir þóknun aðaláfrýjanda til handa hæfilega ákveðin kr. 2500.00. Ber því að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð auk þeirra kr. 57.85, sem í héraðsdómi greinir, eða alls kr. 2557.85 ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Snæbjörn Guðmundsson, greiði aðaláfrýjanda, Magnúsi Thorlacius, kr. 2557.85 með 6% ársvöxtum frá 21. marz 1946 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. febrúar 1948.

Mál þetta, sem var dómtekið 16. þ. m., hefur Magnús hæstaréttarlögmaður Thorlacius hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 28. nóvember 1946, gegn Snæbirni bónda Guðmundssyni að Gjábakka í Þingvallahreppi til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 8.407.85, auk 6%

ársvaxta frá 21. marz 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt lækkunar á stefnukröfunni að mati dómara svo og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 59 frá 1928 var Þingvallanefnd veitt heimild til að kaupa eða taka eignarnámi jörð stefnda, Gjábakka í Þingvallahreppi. Á árinu 1945 leitaði nefndin samninga um kaup á jörðinni, en stefndi færðist undan og taldi jafnframt, að lágmarksverð væri kr. 200.000.00 Neytti nefndin þá heimildar sinnar til eignarnáms, og voru bætur til stefnda metnar kr. 125.768.00 samkvæmt matsgerð dómkvaddra eignarnámsmatsmanna, dagsettri 28. júlí 1945. Stefndi vildi eigi una mati þessu, og með bréfi, dagsettu 27. ágúst 1945, óskaði hann þess, að dómkvaddir yrðu þeir menn til að framkvæma yfirmat. Dómkvaðning fór fram 17. október 1945, og hélt yfirmatsnefndin fund að Gjábakka hinn 25. s. m. Þenna fund sótti stefndi og með honum umboðsmaður hans, stefnandi máls þessa, er annaðist flutning málsins af hálfu stefnda fyrir yfirmatsnefndinni. Stefnandi hefur skýrt svo frá skiptum sínum og stefnda, að stefndi hafi átt tal við sig, áður en yfirmatsbeiðnin var rituð, en eftir að undirmat fór fram. Síðan hafi hann sótt fundinn 25. okt. 1945 að brýnni beiðni stefnda, enda til nokkurs gagns. Greinargerð um kröfur stefnda ritaði stefnandi 23. nóvember 1945, en kröfurnar voru þær, að bæturnar yrðu metnar kr. 665.250.00 og að eignarnema yrði gert að greiða stefnda matskostnað að skaðlausu. Greinargerð þessari fylgdu 10 skjöl. Hinn 15. febr. 1946 ritaði umboðsmaður Þingvallanefndar greinargerð um málið, og af því tilefni fór stefnandi þess á leit, að aðiljar matsmálsins yrðu kvaddir fyrir dóm og skýrslur af þeim teknar. Ritaði stefnandi stefnu á hendur Þingvallanefndarmönnum hinn 20. s. m., og var málið þingfest hér á bæjarþingi 2. marz s. á., en stefndu komu ekki fyrir dóm. Loks ritaði stefnandi sókn í matsmálinu 6. s. m. og áskildi stefnda þar rétt til að bera málið undir dómstólana. Yfirmatsgerðin var dagsett 15. marz 1946 og bætur til stefnda ákveðnar í henni kr. 147.044.00 og málskostnaður kr. 1.800.00. Stefndi vitjaði yfirmatsgerðarinnar til stefnanda hinn 21. s. m., og afhenti stefnandi honum hana ásamt reikningi um kostnað sinn, að fjárhæð kr. 10.057.85, er stefnandi kveður stefnda hafa lofað að greiða daginn eftir.

Stefndi virðist hafa talið reikning stefnanda of háan, og með bréfi annars umboðsmanns hans, dagsettu 25. marz 1946, var stjórn Lögmannafélags Íslands beiðin umsagnar um kröfu stefnanda og álits um, hver væri sannaðgjörn greiðsla fyrir verk hans. Stefnandi var aldrei kvaddur fyrir félagsstjórnina né honum gefinn kostur á að lýsa viðhorfi sínu, og veitti stjórnin stefnda enga úrlausn. Stefnandi leitaði hins vegar álits gjaldskrárnefndar sama félags um kröfu sína, og taldi nefnd þessi rétt að reikna málflutningsþóknun stefnanda kr. 5.500.00. Lækkaði stefnandi síðan kröfur sínar á hendur stefnda í kr. 8.407.85 og höfðaði mál þetta á hendur honum, svo sem fyrr var greint.

Stefndi hefur rökstutt kröfur sínar með því, að undirmat var þegar um garð gengið og að beiðni um yfirmat hafi verið rituð, áður en stefnandi hafði nokkur afskipti af málinu. Vinningur sinn af yfirmatinu hafi verið aðeins rúmar 21 þúsund krónur, og séu þær kr. 1.800.00, sem yfirmatsnefnd ákvað í málskostnað, hámark þeirrar þóknunar, er til mála komi að ætla stefnanda.

Krafa stefnanda er í tveim liðum, og hefur annar þeirra, útlögð gjöld, að fjárhæð kr. 57.85, ekki verið véfengdur af hálfu stefnda. Verður hann því til greina tekinn óbreyttur. Hinn liðurinn er „þóknun, færð niður í“ kr. 8.350.00. Þegar virt er það, sem af gögnum málsins má ráða um vinnu stefnanda, svo og önnur þau atriði, sem áhrif þykja hafa á mat þessa kröfufliðar, þykir þóknun til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 3.500.00. Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda fjárhæðir þessar, samtals kr. 3.557.85, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 600.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Snæbjörn Guðmundsson, greiði stefnanda, Magnúsi Thorlacius, kr. 3.557.85 með 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1946 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbertingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. febrúar 1949.

Kærumálið nr. 7/1949.

Brynjólfur Guðlaugsson

gegn

Helga Benediktssyni.

Kröfu um ómerkingu héraðsdóms hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp hinn kærða dóm og dómsákvæði.

Með kæru 16. des. f. á., sem hingað barst 5. þ. m., hefur sóknaraðili krafizt þess aðallega, að dómur sjó- og verzlunardóms